

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



Reykjavík 28. apríl 2017
UST201703-208/K.S.J.
10.04.03

Efni: Fjarðabyggð, Saxa sjávarhver, tillaga að deiliskipulagi


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 21. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi sjávarhversins Söxu.


Skipulagssvæðið

Saxa er „sjávarhver“ við sjóinn skammt utan við Lönd í Fjarðabyggð. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir bíla og rútur, stígum að Söxu og einnig er gert ráð fyrir fjórum áningarstöðum. Umhverfisstofnun tekur undir það að stígar, áningarstaðir/útsýnisstaðir verði felldir að landi á varfærinn hátt.

Í deiliskipulagstillögu kemur fram að fylla þarf upp að bílastæðum þar sem hæðarmismunur er á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fyllingar verði formaðar þannig að falli vel að umhverfinu og að við endurheimt gróðurs verði notaður staðargróður.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur